



Akureyri 7. júlí 2020

Frístundaráð Akureyrarbæjar
c/o Kristinn J. Reimarsson
Rósenborg
Akureyri

Efni: Samfella í skóla- og frístundastarfi barna – umsögn ÍBA

Frístundaráð óskaði á fundi sínum þann 10. júní sl. eftir umsögn ÍBA vegna dagskrárliðarins „*Samfella í skóla- og frístundastarfi barna*“.

Meginmarkmið verkefnisins, að færa æfingar yngstu barna fyrr á daginn og auka gæði frístundastarfs, eru göfug og mikilvægt að veita þeim brautargengi. Þar leikur svokölluð frístundarúta lykilhlutverk og hefur það verkefni ýmsa kosti.

Akureyri er fyrsta Barnvæna sveitarfélagið á Íslandi skv. skilgreiningu Unicef. Ýmsir þættir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samræmast vel hlutverki frístundarútunnar. Má þar t.d. nefna virka þátttöku barna í eigin samfélagi, jafnt aðgengi allra að íþróttum og tómstundum og betri samgöngur í þágu barna. Því miður eru ekki öll börn svo heppin að vera í þeirri aðstöðu að foreldrar/forráðamenn geti skutlað þeim lengri vegalengdir á miðjum vinnudegi og það eitt getur leitt til mismununar ef barn getur ekki iðkað sitt áhugamál af þessum völdum. Það er okkar álit að frístundarútan geti því komið í veg fyrir brottfall barna og unglunga úr íþróttum og þá frekar aukið þátttöku barna í íþróttastarfi.

Frístundarútan samræmist íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA vel. Í stefnunni er kveðið á um að tíðni almenningssamganga að íþróttamannvirkjum verði aukin og aðgengi almennings til íþróttamannvirkja verði tryggt. Þá kveður stefnan á um að unnið verði með skólakerfinu að bættri nýtingu íþróttamannvirkja. Með frístundarútu væri aðgengi barna tryggt að mannvirkjum sem eru fjarri heimilum þeirra og nýting íþróttamannvirkja verði enn betri en í dag.

Það er allra hagur ef „skutl“ foreldra minnkar. Það leiðir af sér minni umferð við skóla og íþróttamannvirki, færri bíla á götunum sem þýðir minni mengun, auk þess sem fjarvera fólks úr vinnu minnkar. Það markmið að börn á þessum aldri hafi lokið sínum vinnudegi, jafnt skóla sem íþróttum/frístundum, klukkan 16 tryggir fjölskyldum aukinn samverutíma sem er börnum dýrmætur.

Leiða má líkur að því að verði nýting frístundarútunnar með þeim hætti sem vonir standa til að þá fækki börnum í frístund í skólum, sem myndi þá leiða af sér lægri kostnað fyrir sveitarfélagið.

Stjórn ÍBA vill því hvetja Frístundaráð til dáða við að veita frístundarútnni brautargengi með því fjármagni sem verkefnið krefst, án þess þó að fjármunir séu teknir úr öðru íþróttastarfi.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar
Geir Kr. Aðalsteinsson
Formaður ÍBA